



Skýrsla og ársreikningur fyrir leikárið 2014-2015

Starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir leikárið 2015-2016

Starfsemi Gaflaraleikhússins á leikárinu 2104-15

Gaflaraleikhúsið hóf síðasta leikár á sama tíma og Hafnarfjarðarbær gerði nýjan 3 ára samning við leikhúsið. Sú breyting varð á að Gaflaraleikhúsið tók algerlega yfir rekstur húsnæðisins, greiðslu leigu, hita og rafmagns frá Fasteignafélagi Hafnarfjarðarbæjar. Styrkur til félagsins var því hækkaður í samræmi við þann kostnað sem bærinn hafði borið af húsnæðinu eða úr 5 milljónum í 20 milljónir. Það tókst síðan að semja um verulega lækkun á leigunni sem áður var við eignarhaldsfélag Landsbankans, Hömlur, eða um þriðjung. Þetta þýðir að rekstrarstyrkur bæjarins nýtist nú einnig til framleiðslu leikverka auk þess að styrkja verulega rekstrargrundvöll leikhússins.

Leikhúsið sótti að venju um samstarfssamning við Mennta og menningarráðuneytið í gegnum Leiklistarráð í september og það var mikil ánægja meðal Gaflara þegar gerður var 2 ára samstarfsamningur við leikhúsið í febrúar 2015 sem tryggir 10 milljón króna framlag á ári til verkefna á samningstímabilinu. Þetta fjármagn, auk stuðnings frá Hafnarfjarðarbæ, tryggir að leikhúsið getur staðið að framleiðslu leikverka sem eru fyllilega sambærilegar leiksýningum stofnanaleikhúsana að gæðum og metnaði. Þetta sýnir einnig mikla viðurkenningu á listrænu starfi Gaflaraleikhússins síðustu ár og setur það í fremstu röð sjálfstæðra atvinnuleikhópa á Íslandi.

Sýningastarfsemi í leikhúsinu var með ágætum á leikárinu 2014 til 2015. Eftir frábært gengi Unglingsins á Grímunni, íslensku leiklistarverðlaununum, þar sem sýningin fékk tilnefningar fyrir Barnasýningu ársins og Sprota ársins var Framtíðardeild leikhússins sett formlega á laggirnar í október með sýningunni Heila, Hjarta, Typpi. Var hún sýnd við ágæta aðsókn í október og nóvember. Æfingar hófust á sýningunni Konubörnum í október og var hún frumsýnd í janúar. Hún fékk frábærar viðtökur og var komin í 16 sýningar og 3.000 áhorfendur þegar sýningum lauk í vor. Í nóvember var hafist handa við æfingar á Bakaraofninum eftir þá Gunnar Helgason og Felix Bergsson og var sýningin frumsýnd í lok febrúar 2015. Sýningin vann strax hug og hjörtu áhorfenda og þegar hætt var í apríl voru 12 sýningar að baki og 2.000 áhorfendur. Nú liggja fyrir tilnefningar til Grímunnar og Bakaraofninn hlaut tilnefningu sem Barnasýning Ársins.

Að venju tók leikhúsið á móti nokkrum danshópum sem sýndu skemmtilegar sýningar á árinu. Einnig var vinsælt að vera með danssýningar og danskeppnir í leikhúsinu og Listdansskóli Hafnarfjarðar, Danskóli Birnu Björns og Dansskóli Ana Tepacovic nýttu sér það. Leikhúsið var einnig leigt út til leikhópa og má þar nefna Frúardag úr Menntaskólanum í Reykjavík sem sýndi Leg eftir Hugleik Dagsson í nóvember 2014. Órion leikhópurinn setti einnig upp verk í september. Við fengum einnig erlenda leikhópa í heimsókn og í september 2014 kom Menningarhús Wrocławborgar í Póllandi með frábæran einleik í heimsókn sem bar hið drungalega nafn Líkið mitt. Gaflaraleikhúsið er í samstarfi við Menningarhúsið um verkefnið „Ísland og Pólland gegn mismunun í listum“ þar sem blindum og sjónskertum er gert kleyft að njóta lista með sjónlýsingu og var sýning Pólverjana gerð þannig hér. Leikfélag Hafnarfjarðar var að venju með verk á fjölnum á síðasta leikári og var með örverkahátíðina Hið vikulega í september 2014 og vorið 2015. Leikfélagið setti einnig upp leikritið Ubba Kóng í leikstjórn Ágústu Skúladóttur í apríl og fékk það frábærar viðtökur. Tónleikar og ýmsar uppákomur hafa einnig fengið rými í húsinu nokkur kvöld auk ýmissa funda. Og í apríl var í fyrsta skipti Íslandsmót í leikhúsinu þegar iðkendur í Polesport kepptu grimmt um glæsileg verðlaun. Gestir í húsinu á síðasta leikári voru um 10.600.

Leiklistarkennsla Gaflaraleikhússins

Nóg var að gera í leiklistarkennslu leikhússins á leikárinu og um 60 börn á aldrinum 8-13 ára tóku þátt sumarið 2014. Ekki var pláss í leikhúsinu fyrir námskeið á haustönninni og fyrri hluta vetrar en námskeið fyrir 10-12 ára börn var um vorið og gekk mjög vel undir stjórn Ágústu Skúladóttur. Samstarfið við skólaskrifstofu og flesta grunnskóla bæjarins um leiklistarval gekk afar vel og nemendum fjölga ár frá ári. Um 120 unglingar voru í leiklistarvalinu þetta árið. Námið gekk mjög vel undir stjórn Magnúsar Guðmundssonar og Bjarkar Jakobsdóttur. Undirbúningur, æfingar og kennsla fyrir hið árlega leikverkefni 10 bekkjara gekk vel undir stjórn Bjarkar Jakobsdóttur og þau frumsýndu nýtt verk eftir Björk á grunnskólahátíð Hafnarfjarðar í febrúar við góðar viðtökur.

Verkefni í leikhúsinu á leikárinu

Commisura – spænskur einleikur	12. Júní	1. Sýning	áhorfendur 122
Úndúla danshópur – Spending	ágúst/september	3. Sýningar	áhorfendur 430
Óríon leikhópurinn	September	4. Sýningar	áhorfendur 188
Lík mitt – Pólsk sýning (EEA verkefni)	20. september	1 sýning	áhorfendur 140
Frúardagur MR. Leg	október/nóvember	6 sýningar	áhorfendur 1036
Leikfélag Hafnarfjarðar, örverkahátíð	Nóvember	3 sýningar	áhorfendur 310
Dansýningar Listdanskóla Hafnafj	Nóvember/desember	2 sýningar	áhorfendur 440
Danssýning Dansskóla BB	1 desember	1 sýning	áhorfendur 220
Danssýning Dansskóla Ana Tepovic	20 desember	1 sýning	áhorfendur 220
Konubörn	janúar – maí 2015	16 sýningar	áhorfendur 2970
Grunnskólahátíð	5 febrúar	3 sýningar	áhorfendur 590
10 bekkjar sýning foreldrar	6 febrúar	1 sýning	áhorfendur 140
Bakaraofninn	febrúar - maí	12 sýningar	áhorfendur 2066
Polesport Íslandsmót	4. Apríl	1 sýning	áhorfendur 450
Leikfélag Hafnarfjarðar, Ubbi Kóngur	apríl-maí	9 sýningar	áhorfendur 1000
Danssýning Dansskóla Ana Tepovic	17. Apríl	1 sýning	áhorfendur 210
Tónleikar Skátakórinn	10 maí	1 sýning	áhorfendur 200
Leikfélag Hafnarfjarðar, örverkahátíð	maí	1 sýning	áhorfendur 140
		67 sýningar	10.605 gestir

Rekstrarreikningur 2014

Rekstrartekjur og rekstrargjöld

		2013	2014
Rekstrartekjur			
Rekstrarstyrkur	Hafnarfjarðarbær	5.000.000	13.220.000
Miðasala		7.311.000	7.436.417
Veitingasala		2.718.380	2.329.350
Leiklistarkennsla	Grunnskólar	3.141.386	3.427.873
Námskeiðsgjöld	8-12 ára	1.646.200	1.576.000
Leigutekjur		270.000	1.906.000
Styrkir	Einkaaðilar	200.000	
Vextir		23.051	99.105
Samtals		20.310.017	31.271.338

Rekstrargjöld

		2013	2014
Sýningar og útleiga			
Framleiðslukostnaður	sýningar	1.640.850	1.285.982
Sýningarkostnaður	Sýningarlaun, ræsting, tæknimenn, miðasala	4.949.223	5.700.512
Kostnaður	útleiga	217.000	1.473.935
Leiklistarval í grunnskólum og námskeið			
Kostnaður námskeið	8-12 ára auglýsingar, laun, búningar, smink	1.705.766	1.039.220
Kostnaður kennsla	Laun, búningar, leikmynd, smink	2.094.835	2.154.791
Rekstur Leikhús, skrifstofa, veitingar			
Laun/launatengd	Framkvæmdastjóri 75%/tæknistjóri 50%	4.180.945	6.359.437
Laun/verktakar	Tæknimenn/sviðsmenn/sumarfólk	431.500	651.839
Leiga á húsnæði	Víkingastræti 2		5.985.717
Hiti og rafmagn	Einn mánuður		27.618
Ræsting og sorphirða	Ræsting utan sýninga	251.935	124.351
Öryggiskerfi		236.298	403.815
Viðhald tækjabúnaðar		249.024	438.500
Tryggingar		46.500	69.956
Skrifstofa	tæki, STEF, félgjöld, kaffistofa, fundir, bifarkostn	818.273	1.125.865
Veitingarekstur	Vörukaup, vsk, laun, búnaður, tæki	2.313.400	1.049.923
Kaup á búnaði	Áhorfendapallar, ljós, tækibúnaður	811.606	574.504
Frá fyrra ári		160.000	
Bankakostnaður		32.083	72.491
Fjármagnstekjuskattur		4.610	9.663
Samtals		20.143.848	28.880.068
Rekstrarhagnaður (tap)		166.169	2.391.270

Efnahagsreikningur 2014

Eignir		2013	2014
Áhorfendapallar		3.919.727	3.919.727
Ljósabúnaður og tæki		881.106	1.455.610
Skammtímakröfur		2.071.728	
Handbært fé	sjóður 31. desember	642.499	2.560.209
Handbært fé	Handveðsreikningur vegna leigusamnings		2.151.580
Eignir samtals		7.515.060	10.087.126
		2013	2014
Flutt frá fyrra ári		6.354.960	6.687.398
Hagnaður ársins		166.169	2.391.870
Eigið Fé		6.687.398	9.078.668
Skuldir	leiga desember, launatengd gjöld	827.662	1.008.458
Skuldir og eigið fé alls		7.515.060	10.087.126

Starfsáætlun næsta leikárs

Rekstrarstyrkur Hafnarfjarðarbæjar og samstarfsamningur við Mennta og Menningarráðuneytið hafa gerbreytt fjárhagslegri getu Gaflaraleikhússins til að framleiða leiksýningar.

Áætluð starfsemi leikhússins á komandi leikári er því metnaðarfull og lofar góðu um blómlegt starf.

Leikárið 2015-2016 byrjar með menningarútrás til Póllands og Kína. Í byrjun júní er ferðinni heitið til Wrocław í Póllandi þar sem Unglingurinn verður sýndur fyrir blind og sjónskert ungmenni. Í ágúst fara unglingarnir síðan til Tianjin í Kína þar sem þeim er boðið að sýna á einni stærstu Listahátíð Ungmenna í heiminum.

Í sumar ætlum við að halda áfram að hafa umsjón með listahóp Vinnuskólans sem ætlar að troða upp á hátíðum bæjarins og við skemmtiferðaskipin. Þau ætla líka að setja upp spunasýningu í leikhúsinu í ágúst. Leikhúsið verður einnig fullt af lífi þegar 7-12 ára börn verða hér á námskeiðum í júní og júlí. Við fáum aftur í heimsókn pólskan leikhóp frá Wrocław sem ætlar að sýna hér í lok júní og Lokal leiklistarhátíðin ætlar að fá inni hjá okkur í ágúst.

Í haust ætlar leikhúsið að halda áfram sýningum á Bakaraofninum og er stefnt að sýningum fram að áramótum. Einnig verður haldið áfram sýningum á Konubörnum.

Stefnt er að frumsýningu nýs ungmennaverks í Framtíðardeildinni í október og að venju heldur Björk Jakobsdóttir um taumana .

Í október hefjast æfingar á nýrri leikgerð Karls Ágúst's Úlfssonar á „Góða dátanum Sveijk, Einvalalið kemur að sýningunni sem verður í leikstjórn Ágúst's Skúladóttur, með Karl Ágúst í aðalhlutverki og fleiri góðir verða á sviðinu og í leikmynd, búningum og tónlist. Áætlað er að frumsýna verkið í janúar 2016.

Gaflaraleikhúsið hefur tryggt sér sýningarrétt á verðlaunasýningunni „White“ frá Catherine Wheels leikhúsinu í Skotlandi. Verkið sem hefur farið sigurför um heiminn er fyrir börn á aldrinum 2-4 ára og fjallar á skondinn og fróðlegan hátt með trúðslátum, tónlist og töfrabrögðum hvernig heimurinn fær lit. Verkið er sannkallað augnkonfekt og listrænt sjónarspil og við höfum áhuga á því að fara í samstarf með Hafnarborg með sýningar á verkinu. Sýningin sem er leikstýrð af Gunnari Helgasyni og með Ágúst's Skúladóttur og Virginiu Gillard í aðalhlutverkum verður frumsýnd í febrúar.

Vinna hefst við verkið Þankagang (Mislobieg) eftir Völu Þórsdóttur í apríl sem fjallar um 10 ára pólska stelpu sem flytur til Íslands með foreldrum sínum og þarf að takast á við fordóma í sinn garð. Ætlunin er að leita eftir samstarfi við Menningarhúsið í Wrocław um verkið og sýna það bæði á Íslandi og í Póllandi haustið 2016.

Samstarf Gaflaraleikhússins og Leikfélags Hafnarfjarðar hefur verið gott og reiknað er með tveimur til þremur verkefnum leikfélagsins á þessu leikári. Frumsýnt verður nýtt verk með félaginu í nóvember og í apríl 2016 mun það frumsýna verk. Þess á milli verður slegið upp örverkasyrpu þegar félagið sýnir Hið vikulega nokkru sinnum.

Áætlað er að námskeiðahald og leiklistarnám verði með svipuðum hætti og áður. Kennsla fyrir 8. og 9. Bekk verður í allan vetur undir leiðsögn þeirra hjóna Bjarkar Jakobsdóttur og Gunnars Helgasonar. Námskeið og verkefni fyrir 10 bekkina undir leiðsögn Ágústu Skúladóttur lýkur síðan í febrúar með sýningu á grunnskólahátíð. Námskeið fyrir 8-13 ára börn hefjast í október og standa fram í apríl. Áætlað er að sumarnámskeið leikhússins verði síðan með svipuðum hætti og venjulega.

Ýmislegt nýtt er í gangi. Í fyrra skrifaði Gaflaraleikhúsið undir samning við Flensborgarskóla og nemendafélag Flensborgarskóla um að sjá um leiklistarkennslu, leikstjórn og uppsetningu á verki með nemendum skólans. Þetta verkefni er í fullum gangi og verður leiksýning Flensborgarskólans frumsýnd í nóvember.

Fyrir tveimur árum tók Gaflaraleikhúsið þátt í umsókn til Menningarstyrkja Evrópska Efnahagssvæðisins (EEA sjóðnum) með Menningarhúsinu í Wrocław í Póllandi, Bíó Paradís og Myndlistarskóla Reykjavíkur um verkefni sem heitir „Ísland og Pólland vinna á móti aðskilnaði í leikhúsi“ og fjallar um að sýna leikverk með hljóðlýsingu (audio description) fyrir blinda og sjónskerta. Verkefnið fékk 30 milljón króna styrk frá EES sjóðnum og var fyrsta verkefnið sýnt í Bíó Paradís árið 2013. Á árinu fer Gaflaraleikhúsið til Wrocław í Júní með Unglinginn, fær pólska sýningu í heimsókn í lok júní og á næsta ári og verkefninu lýkur síðan vorið 2016 með sýningu frá Gaflaraleikhúsinu í Póllandi (þankagangi að öllum líkindum).

Gaflaraleikhúsið hefur á undanförunum árum myndað erlent tengslanet í gegnum þáttöku í Leiklistarsambandinu, Samtökum sjálfstæðu leikhúsanna og Assitej, samtökum leikhúsa fyrir unga áhorfendur. Gaflaraleikhúsið mun taka þátt í að skipuleggja Alþjóðaleikhúshátíð Assitej á Íslandi í apríl 2016 á Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Það er einnig verið að skoða möguleikann á því að taka þátt í alþjóðlegri leiklistarhátíð Assitej í Birmingham á næsta ári og að taka þátt í samnorðnu verkefni um skipti á sýningum á milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Leikhúsið er einnig samstarfsaðili að umsókn um styrk frá „Creative Europe“ sjóði ESB með Teatro Sacco leikhúsinu í Perugia á Ítalíu og Quendra leikhúsinu í Serbíu.

Á síðasta leikári hófst nýtt tímabil atvinnuleikhúss í Hafnarfirði með frumsýningum á þremur nýjum íslenskum verkum. Fjárhagsstaða leikhússins með stuðningi bæjaryfirvalda og samstarfssamningi við Mennta og Menningarráðuneytið gerir það loksins mögulegt að leikhúsið geti framleitt amk 2 verk á ári með þeim metnaði og gæðum sem sæmir atvinnuleikhúsi. Eins er nú loksins mögulegt að búa leikhúsið nútíma tæknibúnaði og plana framtíðina.

Gaflaraleikhúsið hefur fundið fyrir miklum velvilja frá Hafnarfjarðarbæ og áhorfendum á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingarfasa leikhússins síðustu ár og okkur finnst nú sem leikhúsið hafi náð þeim áfanga að taka sér sterka stöðu í leiklistarheiminum á Íslandi bæði listrænt og sem vinnustaður sviðslistafólks. Okkur finnst miða vel áfram í þeim markmiðum okkar að gera leikhúsið að leikhúsi bæjarbúa og hlúa að leiklistarupplifun og kennslu fyrir börn og ungmenni. Okkar aðalmarkmið er og verður að gera skemmtilegt og skapandi leikhús fyrir hafnfirðinga og nærsveitamenn og því starfi höldum við áfram. Það eru bjartir tímar framundan.

Rekstraráætlun fyrir leikárið 2015-2016

Rekstur		Tekjur	
Húsnæði		Rekstrastyrkur Hafnarfjarðarbær	20.000.000
Leiga	10.400.000	Mennta og menningarráðuneyti	10.000.000
Hiti og Rafmagn	450.000	Miðasala, 30 sýningar	9.600.000
Sorp/ræsting	360.000	Útleiga	900.000
Öryggiskerfi	290.000	Leiklistarskóli	3.500.000
Viðhald húsnæðis	250.000	Námskeið	1.700.000
Viðhald/endurnýjun búnaðar	650.000	Veitingasala	2.200.000
Annar kostnaður	200.000		
	12.600.000		47.900.000
Leikhúsrekstur			
Laun framkvæmdastjóra 75% starf	4.500.000	Staða leikárs	1.886.800
Launatengd gjöld	810.000		
Laun tæknistjóra 50% starf	1.740.000		
Launatengd gjöld	313.200		
Skrifstofa og Miðasala	1.100.000		
Kostnaður við útleigu	500.000		
Veitingar - vörukaup og laun	1.250.000		
	10.213.200		
Verkefni			
3 leiksýningar - framleiðsla	12.000.000		
Sýningarkostnaður 30 sýningar	7.200.000		
Leiklistarskóli, laun og uppsetning	2.800.000		
Námskeið, laun, auglýsingar	1.200.000		
	23.200.000		
Samtals gjöld	46.013.200		